# GAMAN SAMAN



STARFSÁÆTLUN

KÓPASTEINN 2024 - 2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

# *Efnisyfirlit – Skólastarf*


Inngangur ..... 3

Um leikskólann ..... 3

- Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými ..... 3
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna ..... 3
- Heimsmarkmið ..... 3
- Lýðræði og jafnrétti ..... 3
- Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur ..... 4

Skólastarfið – aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla ..... 4

- Heilbrigði og vellíðan ..... 4
- Sköpun og menning ..... 4
- Sjálfbærni og vísindi ..... 5
- Dagskipulag ..... 6
- Menningarviðburðir ..... 6
- Kynning á leikskólanum ..... 7

Foreldrasamstarf ..... 7

- Stefna og áherslur ..... 7
- Foreldraráð ..... 7
- Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi ..... 8
- Foreldrafélag ..... 8
- Starfsmenn Starfsmannastefna ..... 8
- Áherslur í samstarfi ..... 8
- Samsetning starfsmannahópsins ..... 9
- Samstarf við grunnskóla ..... 9

Mat og matsaðferðir ..... 9

- Börn ..... 10
- Sérkennsla ..... 10
- Starfsfólk ..... 10
- Forráðamenn ..... 10

Öryggismál ..... 11

- Öryggisnefnd ..... 11
- Áfallaráð ..... 11


Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

# Skólastarfið

## Inngangur

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans.

Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

## Um leikskólann

### Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

**Kópasteinn tók til starfa 1964** sem fjögurra deilda skóli með 68 rými. Heildarrými leikskólans er 715m2 (þar af nýtist 501 fm2/ efri hæð sem barnafjöldi er reiknaður út frá) – leikrými er 284 m2 og lóðin er 2.500 m2. Rými á hvert barn er 7,5 m², leik- og námsrými 4,3 m². Haustið 2023 stækkaði skólinn þegar húsið sem stendur við Hábraut 3 bættist við. Húsið fékk nafnið Litli – Steinn. Í dag er Kópasteinn fimm deilda skóli með 98 rými.

Álfholt: 25 börn 4-5 (6) ára, Steinholt: 23 börn 3-4 ára, Dvergholt: 20 börn 3 ára, Hulduholt: 15 börn 2-3 ára og Lyngholt 15 börn 1 – 2 ára.

Kjallari er í húsinu undir austurenda, ekki hluti af fermetraútreikningum vegna lofthæðar. Þar er vinnuherbergi kennara, bókasafn, listaskáli, kaffistofa starfsmanna, starfsmannasalerni og geymslur.

Kópasteinn er elsti leikskóli Kópavogs, staðsettur á fallegum stað í Borgarholtinu. Umhverfi skólans er frábært, stutt í allar menningarstofnanir bæjarins.

### Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í ár hefur Kópasteinn hafið vinnu í samstarfi við UNICEF að gerast réttindaskóli og erum við að stíga okkar fyrstu skrefi í þeirri vinnu. Ábyrgðarmenn eru leikskóla- og sérkennslustjóri ásamt þremur umsjónarmönnum. Allir starfsmenn hafa fengið kynningu á verkefninu en ábyrgðar- og umsjónarmenn hafa fengið aukna fræðslu.

### Heimsmarkmið

Þau eru fléttuð inn í starfið eins og ákvæði í Barnasáttmálanum. Stytting vinnutíma starfsmanna og barna er verkefni sem við viljum leggja lið sem samræmist vel verkefninu börn í fyrsta sæti. Einnig viljum við aukinn jöfnuð og draga úr ójöfnuði í heiminum.

Við skoðuðum einnig hvernig við getum farið vel með auðlindir, eins og vatn og matvæli. Nýta sem best nærumhverfi skólans og kynnast því m.a. í vettvangsferðum. Umhverfismarkmið skólans falla vel að Heimsmarkmiðunum. Kópasteinn var lengi þátttakandi í Grænfánaverkefni Landverndar og hafa þau markmið sem tengjast endurnýtingu fests vel í starfshætti skólans.

### Lýðræði og jafnrétti

Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið, það finni að á það sé hlustað, læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Valkerfi skólans styður vel við

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

lýðræði og jafnrétti. Börnin velja sér leikefni og svæði innan deildar. Innan valkerfisins er leikefni sem höfðar til sjálfssprottins leiks og jafnréttis.

### Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Í leikskólanum er starfað samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum, það er ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.
Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna. Í gegnum leikinn og vinnustundir er lögð áhersla á sjálfbærni, sköpun, tónlist, lífsleikni og góð gildi í samskiptum. Umhverfið er stór þáttur í námsumhverfi barna.

## Skólastarfið – aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011) eru tilgreindir grunnþættir menntunar og eiga þeir að vera sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í starfið. Námssvið leikskóla taka mið af grunnþáttunum og byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum.

Námssvið leikskóla eru: heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti.

### Heilbrigði og vellíðan

- Lögð áhersla á næringu.
- Lögð áhersla á hreinlæti og sjálfshjálp.
- Skipulagðar hreyfistundir inni eða úti yfir veturinn – útiveru almennt.
- Lögð áhersla á gleði og samvinnu í hópnum.
- Við erum vinaleikskóli.
- Lögð áhersla á hóflegan fjölda í vinnustund, samveru, hvíld og hádegismat.
- Lögð áhersla á hvíld eftir hádegisverð á öllum deildum.

### Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

- Við kynnumst íslenskri menningu í gegnum merkisdaga og hátíðir samfélagsins.
- Við höfum fjölmenningarviku á vorönn.
- Við kynnumst umhverfinu okkar og umferðarmenningu í gönguferðum, skoðum bækur og förum á söfn.
- Ræðum um lífið í gamla daga og í öðrum löndum.
- Eitt til tvö valsvæði í frjálsa leiknum er tengt myndsköpun á eldri deildum. Einnig er unnið með myndsköpun í skipulögðum vinnustundum.
- Tjáning og rannsókn eru lykilorð.
- Notum fjölbreyttan og endurnýtanlegan efnivið við sköpun, ýmsar tegundir af málningu og litum ásamt ólíkri tækni við að mála, teikna og móta. Við vinnum með einfalda grafík, stimplun, mótun og hönnun.
- Lögð er áhersla á að vekja áhuga og kveikja forvitni.
- Allir hópar fara í skipulagða tónlistarstund í sal einu sinni í viku yfir vetur. Í söngstund er unnið með þemu út frá árstíðum, einnig unnið er með þulur og söng, hljóðfæri, takt, hlustun og hreyfingu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

- Söngstundir eru inni á deildum daglega. Sameiginleg söngstund fyrir allar deildir er á mánudögum undir stjórn deildarstjóra í tónlist. Börnin fara einnig í smærri hópum í tónlistartíma og fá elstu nemendur m.a. kennslu á blokkflautu á vorönn.

## Sjálfbærni og vísindi

Við viljum að börnin læri að njóta náttúrunnar árið um kring, þekkja nánasta umhverfi, beri virðingu fyrir lífríkinu og gangi vel um auðlindir landsins. Við förum vel með náttúruauðlindirnar, spörum orku, flokkum úrgang og endurnýtum það sem hægt er. Við reynum að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoðum börnin við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

- Í samverustundum að morgni er rætt um veðrið, fatnað og hvað hægt sé að gera í útiveru.
- Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð.
- Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við. Við grípum tækifærin og stundina og hlustum.
- Vísindastundir eru reglulega á elstu deild, þar sem skoðuð eru forvitnileg sambönd efnis og hluta.
- Umhverfismennt er stór þáttur innan skólans og kennir okkur m.a. samfélagslega ábyrgð.

## Læsi og samskipt

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskóla ber að skapa aðstæður til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum og gefa börnum tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og starfi.

- Lubbi og Blær eru námsgögn sem styðja vel við þennan þátt í starfinu.
- Lubba stundir eru á öllum deildum og taka mið af aldri barna
- Lesum bækur og segjum sögur án bóka, lesum framhaldssögur
- Höfum ritmál sýnilegt, notum skráningu, lærum þulur og vísur, syngjum
- Vinnum með hljóðkerfisvitund og rím.
- Sögustundir eru daglega.
- Vináttuverkefni Barnheilla er hluti af starfinu í lífsleikni. Kópasteinn hefur verið með í því verkefni frá upphafi.
- Samskipti eru í öndvegi allan daginn í leikskólanum.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru í forgrunni, það að hlustað sé á raddir allra.

**Að tengja saman sögulestur við sköpun er góð leið til að dýpka málskilning.**




Skjal sótt af '000000000000' dags: 10.11 2026

## Dagskipulag

| | |
|---|---|
| 07:30 | Leikskólinn opnar, tekið á móti á Steinholti. |
| 07:45 | Litli – Steinn opnar |
| 08:00 | Deildir opna |
| 8:15 – 8:45 | Morgunmatur |
| 09:00-11:15 /11:30 | Sjálfssprottin leikur / Útivera / Skipulagt starf |
| 11:15- 11:30/11:45 | Samverustundir |
| 11:30 / 11:45 | Hádegisverður |
| 12:30-13:00 | Hvíld, róleg stund |
| 13.00-14.30 | Sjálfssprottin leikur / Útivera / Skipulagt starf |
| 14.30-15.00 | Samverustund |
| 15.00-15.30 | Síðdegishressing |
| 15.30 | Sjálfssprottinn leikur |
| 16.30 | Leikskólinn lokar |

## Menningarviðburðir

**Menningarviðburðir eru margir og tengjast oft hefðum, hér eru nokkrir taldir upp sem dreifast yfir árið.**

- Flaggað á deild þegar barn á afmæli, afmælissöngurinn
  Afmæli þú átt í dag" eftir Atla Heimi, barnið gerir kórónu.
- Gerðarsafn, Náttúrufræðistofa og Bókasafn Kópavogs heimsótt.
- Barnamenningarhátíðin á vorönn.
- Heimsókn slökkviliðs með fræðslu til elsta hóps að vori.
- Leiksýning fyrir börnin í boði foreldrafélagsins í kringum aðventuna.
- Útskriftarferð með elsta hóp innan Kópavogs.
- Rökkurdagur í upphafi jólaföstu, vasaljós velkomin.
- Gestir í garðinn.
- Leiksýning starfsmanna um gömlu jólasveinana fyrir börnin
- Litlu jólin, sungið og gengið í kringum jólatréð í salnum okkar, hangikjöt og meðlæti í hádegi.
- Söngstund á aðventu í Kópavogskirkju
- Bóndadagur - Þorrablót: þjóðlegur matur í hádeginu.
- Dagur leikskóla. Foreldrum boðið í heimsókn í leikskólann.
- Bolludagur, sprengidagur og furðufataball á Öskudag .
- Fjölmenningarvika. Fánar þjóðlanda, landakort o.fl.
- Páskahátíðin.
- Vorhátíðin "Komdu að leika" – foreldrar mæta í leikskólann með barni og taka þátt í leiktilboðum innan skólans .
- Foreldrafélagið heldur sína vorhátíð í tengslum við hátíð skólans. Félagið hefur keypt sýningu í garðinn eftir flæði innan dyra.
- Umhverfisvika, gróðursetning og hreinsun í lóð.
- Kópagleði, útskriftarhátíð elsta hóps í skólanum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

**Dagsetningar á viðburðum eru á heimasíðunni og á upplýsingatöflum skólans.**

### Kynning á leikskólanum

Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. Vala er samskiptaforrit fyrir forráðamenn og starfsfólk.

- Deildarstjórar og stjórnendur leikskólans senda vikulega póst á foreldra með upplýsingum um innra starf sem og hagnýtar upplýsingar.
- Upplýsingatöflur í fataherbergjum eru einnig notaðar til að upplýsa foreldra, meðal annars um afmælisdaga barna á deildinni og fleira.
- Foreldrar á eldri deildum fá kynningu á vetrarstarfinu að hausti.
- Yngri deildir hafa verið með kynningu samhliða aðlögun.
- Starfsáætlun/þema skólaársins á deildinni, er einnig sýnileg á öllum deildum eftir skipulagsdag haustsins sem er í september.

## Foreldrasamstarf

### Stefna og áherslur

- Lögð er áhersla á gott samstarfi milli heimilis og skóla.
- Þegar barn hefur leikskólagöngu þá eru foreldrar boðaðir til viðtals við leikskólastjóra og deildarstjóra þar er lagður grunnur að samstarfi.
- Foreldrar fá boð um að heimsækja skólann 2-3 sinnum á ári, en eru velkomnir í samráði við kennara þar fyrir utan, þ.e. ef óskað er eftir að koma inn á deild.
- Leikskólinn mætir þörfum foreldra hverju sinni fyrir upplýsingar um líf barnsins í skólanum eða eins og starfsmannahald leyfir.
- Stjórnendur skipuleggja vinnutíma starfsmanna út frá starfsemi deildar og viðveru barna.
- Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra og miðar að því að efla barnið í hóp og samvinnu.
- Við viljum auðvelda foreldrum þátttöku í starfsemi skólans m.a. með því að bjóða tímasetningar á viðburði eins og kynningarfundi á starfi deilda og vorhátíð á mismunandi tímum þ.e. að morgni dags eða síðdegis.
- Kópasteinn er umhverfisvænn skóli, foreldrar leggja til poka undir óhreinan þvott, eru hvattir til að nýta sér önnur úrræði en plast.
- Foreldrar eru beðnir um að uppfæra öryggisblað barnsins á hverju ári.
- Ef foreldrar óska eftir sérfæði fyrir barn sitt þarf að skila inn læknisvottorði.

### Foreldraráð

- Foreldraráð starfar við leikskólann eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla. Foreldraráð styður við starf leikskólans. Í foreldraráði eru 4 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Starfsreglur foreldraráðs eru á heimasíðu leikskólans.
- Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir forráðamenn. Gefa umsagnir um allar meiri háttar breytingar í starfinu.
- Fundir eru einu sinni á önn, oftar ef þarf.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

## Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

- Foreldrafélagið hefur boðið uppá fyrirlestur fyrir foreldra, starfsmönnum hefur verið boðin þátttaka.
- Upplýsingar eru sendar foreldrum í gegnum Völu, deildarstjórar og stjórnendur skólans nýta sér það.
- Upplýsingar eru einnig skráðar á töflur í fataherbergjum.

## Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi

Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu sem byggir á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Kynning á vetrarstarfinu á haustin á eldri deildum. Á yngri deildum er aðlögun lengri, þar gefst tími til að upplýsa foreldra persónulega.

- Gestur í garðinn á jólaföstu og foreldrar. Samvinnuverkefni foreldrafélagsins og skólans.
- Vöffluboð á degi leikskólans - foreldrum boðið í vöfflukaffi.
- Útskrift elstu barna „Kópagleðin“ er haldin í maí – þar flytja börnin skemmtidagskrá sem þau hafa undirbúið með kennurum.
- Vorhátíðin “Komdu að leika” í maí – foreldrum boðið. Hér gefst skemmtilegt tækifæri til að fara um allan skólann og kynna sér starfið og húsnæði skólans.

## Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið í leikskólanum – en aðallega í gegnum netmiðla. Foreldrasjóður er í höndum stjórnar foreldrafélagsins og er nýttur til að greiða kostnað við ýmsa viðburði eða annað sem stjórn foreldrafélagsins ákveður. Tengiliður skólans við foreldrafélagið er einn af deildarstjórum skólans.

Markmið foreldrafélagsins er:

- Að efla samvinnu forráðamanna og starfsfólks.
- Að bjóða upp á tilbreytingu í starfinu fyrir börnin.
- Að taka þátt í viðburðum fyrir börnin á vegum skólans.

Þess má geta að:

- Foreldrafélagið skipuleggur sveitaferð á laugardegi með þátttöku foreldra.
- Foreldrafélagið hefur keypt leiksýningu í desember.
- Foreldrafélagið hefur boðið upp á skemmtun á vorhátíðinni.
- Foreldrafélagið hefur keypt fyrirlestur/fræðsluerindi fyrir foreldra ef fjárráð hafa leyft.

# Starfsmenn

## Starfsmannastefna

Góð samskipti og gagnkvæm virðing hafa grundvallarþýðingu fyrir vellíðan í starfi og starfsárangri. Starfsfólk er sameiginlega ábyrgt fyrir því að viðhalda góðum starfsanda. Lögð er áhersla á að skólinn er eitt vinnusvæði og það er á ábyrgð hópsins að dagurinn gangi upp í skólanum. Upplýsingarflæði til starfsmanna er gott.

## Áherslur í samstarfi

- Lögð er áhersla á að starfsfólk leikskólans vinni sem heild.
- Dagleg upplýsingagjöf er mikilvæg sbr. samráð deildarstjóra að morgni.
- Deildarstjórafundir 1x í viku, fundargerð dreift eftir hvern fund
- Skilaboð í gegnum Völu berast líka til starfsmanna til að þeir séu upplýstir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Deildarfundir eru einu sinni í mánuði til að upplýsa um stöðuna í barnahópnum m.a. og samhæfa vinnubrögð.
- Skemmtinefnd er starfandi við skólann, kosið í stjórn á hausti.
- Stjórn starfsmannafélagsins er kosin á starfsmannafundi – (einn starfsmaður frá hverri deild). Þá velur starfsmannahópurinn einn endurskoðanda úr sínum röðum. Þessir aðilar fara með umsjón fjármuna og upplýsa starfsmannahópinn 1x á ári um stöðuna á sjóðnum. Innstreymi ár hvert rennur til starfsmanna í formi gjafa á stórafmælum, viðburða og veitinga í samræmi við áherslur skemmtinefndar hverju sinni. Starfsmenn og vinnuveitandi leggja til 600 kr. hvor í sameiginlegan sjóð sem er nýttur í viðburði og gjafir á stórafmælum fyrir starfsmenn.
- Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Ákveðin námskeið eru reglubundin s.s. slysavarnir á 2ja ára fresti. Nýliðunarnámskeið hefur verið í boði hjá Kópavogsbæ.
- Starfsfólki gefst auk þess kostur á að sækja fræðslu/námskeið er varðar leikskólastarf á vinnutíma ef starfsmannahald leyfir.
- Móttökuáætlun er í höndum leikskólastjóra og/eða deildarstjóra. Reynt að ráða inn tímalega nýjan starfsmann svo viðkomandi hafi stuðning af eldri/reyndari starfsmanni fyrstu dagana/vikurnar.
- Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári, oftar ef þörf þykir.

### Samsetning starfsmannahópsins

Í Kópasteini er gert ráð fyrir um 27 stöðugildi, þar af: 1,0% stöðu leikskólastjóra, 0,85% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 0,50% stöðu sérkennslustjóra og 2,0% stöðugildi í eldhúsi. Deildir eru einnig með starfshlutfall vegna veikindaafleysingar, undirbúningstíma og sérkennslu ef hún er fyrir hendi, þá hefur málörvun verið nokkur m.a. vegna erlendra barna. Deildarstjóri er yfirmaður deildar. Annað starfsfólk starfar samkvæmt starfslýsingu kennara, fyrir utan starfsfólk sem er í sérkennslu eða öðrum verkefnum.

### Samstarf við grunnskóla

Meginmarkmið samstarfs og tengsla milli skólastiga er að skapa samfellu í lífi barna og finna leiðir til að koma til móts við þarfir þeirra. Samstarfið er í sífelldri þróun og unnið er að því á mismunandi hátt í hverfum bæjarins. Tryggja þarf að öll börn í leikskóla taki þátt í því samstarfi sem skipulagt er á milli skólastiga. Skólastjórnendur beggja skólastiga bera ábyrgð á skipulagningu samstarfsins, en fela það deildarstjóra/kennara á elstu deild til útfærslu.

Formlegt samstarf leikskóla í vesturbæ er við Kársnesskóla.
Samráðsfundur er með deildarstjóra 1. bekkjar í grunnskóla að hausti. Grunnskólinn sér um að boða til fundar alla leikskólakennara sem sinna elsta árgangi í leikskóla í vesturbæ. Fundað er nokkrum sinnum yfir veturinn, lagðar upp heimsóknir barna milli skólastiga. Foreldrar fá upplýsingar um hvenær leikskólinn heimsækir grunnskólann.
4. bekkur hefur komið í heimsókn til okkar og lesið inni á öllum deildum undanfarin ár sem er skemmtilegur siður.

### Samstarf við aðra

Leikskólinn á samstarf við ýmsa aðila s.s. félagsþjónustuna, menntasviðið, menningarstofnanir í hverfinu, Kópavogskirkju, grunnskóla, viðhaldsdeild bæjarins, birgja og fleiri aðila. Handleiðsluhópar eru fyrir stjórnendur í tengslum við aðra skóla.

## Mat og matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Niðurstöður mats ásamt umbótaáætlun koma fram í starfsáætlun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Starfsmannasamtöl annað hvort ár taka deildarstjórar starfsmannasamtöl við starfsfólk deilda. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hitta deildarstjóra, sérkennslustjóra og eldhússtarfsfólk. Annað hvort ár tekur leikskólastjóri öll starfsmannasamtöl
- Foreldrasamtal einu sinni á ári, þaðan koma oft góðar ábendingar sem eru teknar til skoðunar.
- Deildir unnu innra mat á vorönn.
- Gámes-eftirlitskerfi er í eldhúsinu.
- Heilbrigðiseftirlitið kemur í úttekt og skilar inn niðurstöðum/athugasemdum.
- Útieftirlit á lóð er framkvæmt í upphafi dags, athugasemdir færðar í dagbók og viðkomandi kvittar fyrir eftirlitið.
- Úttekt á vegum garðyrkjudeildar á lóðinni er reglulega yfir árið (3-4x) einnig koma viðurkenndir aðilar 1x á vorönn BSI, þessir aðilar skila skýrslum og gera áætlun að úrbótum og viðhaldi.
- Starfsáætlun er endurmetin að vori og umbótaáætlun gerð fyrir næsta ár.
- Niðurstöður eru sendar úr Hljóm-2 til menntasviðs í janúar.
- Skólanámskrá er endurskoðuð á 5 ára fresti.
- Á hverju ári er námsþáttur metinn og í kjölfarið er gerð umbótaáætlun í samræmi við niðurstöður. Matsblöð koma frá menntasviði.

» Gullkorn «

Barnið situr við borð. „Ég er með smá hálsbólgu og smá illt í nefinu. Eiginlega er ég með hálft af hvoru“.

## Börn

Börnin meta skólastarfið árlega og eru matsaðferðir breytilegar og aðlagaðar þroska barna – þá koma þau með óskir og væntingar til kennara sem kemur þeim á framfæri sbr. matseðill, leikefni o.fl..
Skimanir og próf:

- Hljóm-2 er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund fimm ára barna.
- EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári.
- TRAS er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna.
- AEPS færnimiðað matskerfi.
- Smábarnalistinn.

## Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og samkvæmt þeim eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við forráðamenn. Unnið er með sérkennslu í einhverju formi á öllum deildum – átta börn fá úthlutað sérstökum stuðningstímum/starfsmanni. Lögð er áhersla á að sérkennslu sé sinnt sem mest í gegnum félagslega þætti, en einnig eru börn í einstaklingstímum hjá sérkennsluaðila. Sérkennslustjóri heldur utan um sérkennslu/stuðning og miðlar til starfsmanna sem sinna sérkennslu, sér um teymisfundi og samskipti við aðra fagaðila og foreldra. Átta börn fá úthlutað tímum úr 2. flokki – þá hefur verið úthlutað 0,50% stöðugildi vegna fjölda barna með annað móðurmál en íslensku. Sérkennslustjóri sér um samráð og skipulagningu sérkennslu með deildarstjórum og stuðningsaðilum.

## Starfsfólk

Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið reglulega með ýmsum hætti. Stefnt að því að senda út spurningarlista til starfsmanna á vorönn þar sem þeir meta sjálfan sig útfrá ýmsum þáttum í starfinu.

## Forráðamenn

Forráðamenn meta starfsemi leikskólans annað hvert ár. Næsta könnun verður á vorönn 2025.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

## Öryggismál

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks. Í nefndinni eru leikskólastjóri sem er öryggisvörður, deildarstjóri hefur verið kosin sem öryggistrúnaðarmaður og einn meðstjórnandi kemur úr Litla – Steini. Nefndin fundar einu sinni á önn.
Gert er áhættumat og aðgerðaráætlun varðandi öryggi á innra starfi einu sinni á ári.
Á hverjum morgni er farið yfir útileiksvæði barna. Deildir skiptast á.
Rýmingaræfingar eru einu sinni á önn.
Eftirlitsmaður lóða gerir úttekt árlega sem og rafvirki sem fer yfir öll neyðarljós.
Öryggismiðstöðin prufar reykskynjara og slökkvitæki í árlegri úttekt.
Mánaðarlegt eldvarnareftirlit er höndum aðstoðarleikskólastjóra og barna samkvæmt tilmælum frá Kópavogsbæ.
Viðhaldsmál tilheyra þessum þætti

Hér má finna:
Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum

## Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks.
Leikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar sem fulltrúi rekstraraðila eða annar sem hann tilnefnir. Öryggistrúnaðarmaður er kosinn af samstarfsmönnum á tveggja ára fresti og öryggisfulltrúi. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf. Öll slys eru skráð í forritið Atvik í samstarfi við VÍS. Fulltrúi í Öryggisnefnd var valin í haust .

## Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks. Við áföll hittist ráðið.

Áfallaráð leikskólans hefur til hliðsjónar:
Áfallaáætlun leikskólans
Jafnréttisáætlun leikskólans
Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar
Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi
Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins

**» Gullkorn «**

**Barnið situr við borðið í ermalausum kjól og strýkur á sér handleggina: „Ég er með svanahúð“, (það þýðir að mér er kalt)**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

**Sköpun er margskonar – og endalaus uppspretta.**






**» Gullkorn «**

**Barnið spyr annað barn:**

**“Átt þú bara heilan bróðir, ……sem er ekki hálfbróðir?“**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

## *Efnisyfirlit –Mat á skólastarfi, starfsáætlun síðasta starfsárs*


Skólastarfið ..... 14
Barnasáttmáli ..... 14
Heimsmarkmið ..... 14
Námssvið ..... 14
Mat og matsaðferðir ..... 14
Börn ..... 15
Sérkennsla ..... 15
Mat forráðamanna ..... **Error! Bookmark not defined.**
Samsetning starfsmannahópsins ..... 16
Mat starfsmanna ..... 16
Þróunar- og nýbreytnistarf ..... 16
Skipulagsdagar 2023 - 2024 ..... 17
Endur- og símenntun ..... 17
Fundir ..... 17
Samstarf ..... 17
Þátttaka í rannsóknum ..... 18
Nemar ..... 18
Viðhald ..... 18
Öryggismál ..... 18


Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

# Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs

## Skólastarfið

Skólaárið 2023 – 2024 er fyrsta heila skólaárið hjá nýjum leikskólastjóra sem var ráðin frá 16. janúar 2023. Þetta ár var mikið um breytingar. Kópavogur byrjaði að vinna eftir nýrri stefnu „Börn í fyrsta sæti“ sem hefur haft jákvæð áhrif á starf í Kópasteini, einnig hefur verið unnið að innleiðingu farsæld barna. Ein stærsta breyting fyrir Kópastein var stækkun skólans og fjölgun barna. Aðlögun barna lauk um miðjan október, þetta árið byrjuðu 57 ný börn í skólanum.

Börn í fyrsta sæti hefur gengið vel hér í Kópasteini, kynningafundur til foreldra var um haustið sem Menntasvið stóð fyrir. Mikil léttir í daglegu starfi að færa til vinnustyttingu starfsfólks á skráningardaga. Kópasteinn var opinn í dimmbylvikunni sem gekk mjög vel.

## Barnasáttmáli

Margt í starfi leikskólans samræmist við markmið Barnasáttmálans eins og námsefnið um Blæ. Unnið er með virðingu, jafnrétti, fjölskylduna, heimili og fjölmenningu. Ekki hefur verið unnið markvisst með Barnasáttmálann að öðru leiti en til stendur að breyta því.

## Heimsmarkmið

Heimsmarkmiðin fléttast inn í daglegt líf í leikskólanum. Markmið okkar er að henda sem minnstu frá okkur, nýta það sem hægt er bæði mat og efnivið. Umhverfisfræðsla er mikil og þar er lagt upp með að bera virðingu fyrir náttúrunni. Passað er upp á matarsóun, fara vel með auðlindir og jöfn réttindi allra.

## Námssvið

**Heilbrigði og vellíðan** - Næring, hreyfing, útivera og hvíld tengjast þessu námssviði. Lögð áhersla á að allir hvíli sig eftir hádegismat, það er þáttur í góðri geðrækt að slaka vel á – enda vinnudagurinn langur.
**Sköpun og menning** - Skapandi starf er öflugt í skólanum, nýttur er endurnýtanlegur efniviður, unnið út frá áhugasviði barna. Tónlistin er stór þáttur í sköpun.
**Sjálfbærni og vísindi** - Unnið er markvisst með sjálfshjálp/sjálfbærni á öllum deildum, tilraunir og skráningar á elstu deild. Ræktun er hluti af starfinu
**Læsi og samskipti** - Lubbi og Blær eru stór þáttur af þessum námssviðum. Umhverfislæsi er hluti af vettvangsferðum. Einkunnar orð skólans eru „**gaman saman**“ og því erum við **vinaleikskóli.**

## Mat og matsaðferðir

Mat á starfinu var því miður lítið þetta skólaárið. Starfsmannakönnun á vegum prósent var send í apríl 2024.
Hljóm-2 og Tras notað til að meta þroska barna.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

## Börn

98 börn dvöldu í leikskólanum. Dvalartímar voru vel nýttir á öllum deildum og flest börn dvelja í 8-8,5 st. daglega.

**Álfholt:** Tveir árgangar voru á Álfholti, árgangur 2018 og 2019, alls 25 börn. Álfholt er með 2 aldurshópa, ákveðnir kennarar og starfsmenn sem halda utan um hvorn hóp. Kennarar hafa samráð og samvinnu, utanumhald skarast ætíð vegna viðveru kennara sem er breytileg. Verkefnin í vinnustundum gengu mjög vel, ásamt öðrum mikilvægum verkefnum sem unnið var með s.s málörvun, vinátta/Blær, stærðfræði, læsi og vísindi. Börnin voru áhugasöm og mjög virk í verkefnavinnunni. Þemavinna var undirstaðan í vinnustundum þar sem við unnum með nærumhverfi, vísindi og náttúruna. Vísindahornið bættist við hjá elstu börnunum og verður því starfi haldið áfram. Við nýttum okkur verðlausan efnivið þegar kostur var á. Við höldum áfram að tileinka okkur þá aðferð. Okkur hefur tekist vel að vinna samkvæmt áætlunum og dagskipulagi, en höfum líka sýnt sveigjanleika þegar á þurfti að halda. Vinátta og vellíðan barnanna var leiðarljós í öllu okkar starfi.

**Steinholt:** Starfið gekk nokkuð vel á Steinholti skólaárið 2023-2024. Það náðist að sinna skapandi starfi vel og unnið var með mismunandi efnivið s.s. málað, litað, saumað og límt. Lögð var mikil áhersla á í allri skapandi vinnu að horft væri á ferlið fremur en afurðina. Samverustundir gengu vel en hópurinn var söngelskur og fannst einstaklega gaman að dansa. Vináttuverkefnið Blær gekk vel og var gaman að vinna að því verkefni með börnunum. Ásamt Blæ lögðum við áherslu á að vinna ítarlega með tólf lífsgildi út frá kennsluefni Steinunnar Erlu Sigurgeirsdóttur, en þau voru: ábyrgð, einfaldleiki, frelsi, friður, hamingja, heiðarleiki, hugrekki, kærleikur, samvinna, umburðarlyndi, virðing og þakklæti. Teljum við að markmið okkar að skapa gott andrúmsloft og samheldni í barnahópnum hafi náðst. Vinna með Lubbi finnur málbein gekk vel og náðum við að gera námsefnið sýnilegt og vekja áhuga hjá foreldrum. Lögð var áhersla á frjálsan leik barna, opinn efnivið, útiveru, sköpun, lýðræði, samskipti og tengsl. Mjög góð mæting var hjá börnunum. Mikil starfsmannavelta var þetta skólaárið.

**Dvergholt:** Lögð var áhersla á að efla sjálfsvitund barna út frá líkamsvitund og nánast umhverfi. Einnig stýrði áhugasvið barnanna miklu um áherslur á viðfangsefni hverju sinni. Samverustundir einkenndust af söng og bókalestri, ásamt því að við lærðum ýmsar vísur og þulur. Lubbastundir og Blæstundir byrjuðu í nóvember og voru börnin áhugasöm. Lögð var áhersla á læsi, t.d. með sjónrænu skipulagi og stafir og myndir af börnunum var sýnilegt. Við notuðum salinn nokkrum sinnum í mánuði fyrir hreyfistundir, ásamt því að fara í söngstund og tónlistartíma einu sinni í viku. Skapandi starf gekk vel og þar fengu börnin tækifæri til að nýta fjölbreytni í listsköpun sinni ásamt því að nota ýmsan verðlausan efnivið. Öll börn deildarinnar fóru í útiveru að morgni og oft var farið aftur út seinni hluta dags ef veðrið var gott.
Aðlögun gekk ágætlega en tók langan tíma þar sem aðlaga þurfti 18 börn. Það tók dágóðan tíma að stilla saman strengi, bæði börn og starfsfólk, en gekk ágætlega. Skipulagt starf byrjaði því örlítið seinna en venja er að hausti. Mannekla og starfsmannabreytingar á vorönn höfðu einnig áhrif á skipulagt starf en áfram var lögð áhersla á útiveru, frjálsan leik og samverustundir.

**Litli – steinn:** Skólaárið 2023-2024 var fyrsta starfsár Litla-steins. Við tókum við húsinu strax eftir sumarfrí og hófst þá strax undirbúningur fyrir aðlögun sem hafðist nokkrum dögum síðar. Aðlaga þurfti 30 börn sem var áskorun en gekk vel með góðu og reyndu fólki. Það reyndist þó erfitt að vera að undirbúa húsið og skipuleggja starfsemi á sama tíma og aðlögun fór fram. Það tók á fólk og var stórt verkefni. Í heildina litið gekk vel og starfsfólk vann einstaklega vel saman, var lausnarmiðað og jákvætt. Aðlögun tók nokkuð langan tíma en öll börn voru byrjuð í lok nóvember.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Þegar líða fór á skólaárið fór dagsdaglegt starf að taka á sig mynd. Skapandi starf og Lubbi gekk vel en við hefðum viljað vinna meira með Blæ og stefnum á það á þessu skólaári. Með stækkandi skóla og það að vera í tveim húsum voru ýmsar áskoranir t.d. söngstund, tónlistartímar, flæði og eldhúsmál sem þurfti að skipuleggja og finna taktinn með. Þar kom sér vel að vera með lausnarmiðaðan starfmanna hóp.
Hóparnir tveir, Hulduholt og Lyngholt, voru frekar ólíkir og tók tíma að aðlaga og samstilla hópanna. Á Lyngholti voru margar áskoranir bæði samsetning hópsins og að aðlagast rými.
Samstarf á milli hópa var góð og vinna allir vel saman í Litla- steini. Við höfum verið einstaklega heppin með starfmanna hóp og gott andrúmsloft hefur einkennt Litla-stein.

## Sérkennsla

Unnið var með fjögur börn í flokki 2. í sérkennslu.
Unnið var með málörvun og hreyfingu inni á öllum deildum. Stuðningsaðilar sinntu sérkennslu inni á deildum eins og stuðningstímar sögðu til um. Sérkennslustjóri hélt utan um einstaklingsnámskrár og teymisfundi við aðra fagaðila og foreldra. Sérkennslustjóri var í 50% stöðugildi.

## Samsetning starfsmannahópsins

| Fjöldi | Hlutverk | stöðugildi |
|---|---|---|
| 1 | Leikskólastjóri | 1,0 |
| 1 | Aðst.leikskólastj. | 0,60 |
| 1 | Sérkennslustj. | 0,50 |
| 7 | leikskólakennarar | 6,55 |
| 1 | Kennari/tungum. | 0 |
| 3 | háskólamenntun | 5,80 |
| 1 | Tónlistarkennari | 0,27 |
| 9 | Leiðbeinendur | 10,70 |
| 1 | Matsveinn | 1,0 |
| 1 | Aðst.matsveinn | 0,75 |

Margir starfsmenn/kennarar vinna hlutastarf því þarf að brúa bilið með fólki í tímavinnu, skólafólki sem vinnur við afleysingar t.d. í undirbúningi kennara og orlofstöku.

Aukin orlofsréttur og krafa starfsfólk um að taka aukin frí þ.e. launalaust leyfi gerir okkur erfitt og þá sérstaklega þegar á bætast veikindi. Því miður höfum við oft þurft að sleppa undirbúningstíma kennara og öðrum verkefnum .

## Mat starfsmanna

Starfsmannakönnun á vegum prósent var lögð fyrir starfsmannahópinn í apríl 2024, þátttaka var 68% eða 22 starfsmenn. Niðurstöður vísa til þess að almennt er starfólk ánægt með skólann, starfsaðstæður mættu vera betri og auka má fræðslu.

## Þróunar- og nýbreytnistarf

Skólaárið 2023 – 2024 fór í að stækka við leikskólann og gera að einu vinnusvæði í tveimur húsum. Í ágúst 2023 stækkaði Kópasteinn um tvær deildir og 30 börn þar sem Hábraut 3 bættist við skólann okkar. Hábraut 3 fékk nafnið Litli – Steinn. Skólaárið var því mikið þróunarstarf í að opna og ná að tengja börn, starfsmenn og foreldra saman í tveim húsum. Það var töluvert átak að auka við starfsmannahópinn og ná að ráða í allar stöður og erum við enn að ná að koma stöðugleika í



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

starfsmannahópinn okkar. Stækkunin gekk vonum frama og var það ekki síst að þakka tveimur reyndum deildarstjórum sem tóku að sér að sjá um Litla – Stein og eru foreldra þar mjög ánægðir.

## Skipulagsdagar 2023-2024

- 18. september: Starfsmannafundur og deildarfundir, undirbúningur fyrir vetrarstarfið f.h. / e.h. Sólveig Norðfjörð verkefnastjóri var með fræðslu um innleiðingu á samþættri þjónustu.
- 15. nóvember: Starfsmanna og deildarfundir, undirbúningur fyrir desembermánuð f.h. / e.h. tiltekt á deildum.
- 16. janúar: Starfsmannafundur og deildarfundir undirbúningur fyrir foreldraviðtöl í febrúar.
- 12. mars: Starfsmanna- og deildarfundir, farið yfir leikefni og spil í tengslum við málþroska og málörvun. Farið yfir foreldraviðtölin.
- 10. maí: var unnin á tveimur kvöldfundum. Fyrri fundurinn var 2. október og þá kom Elín Guðrún Pálsdóttir leikskólaráðgjafi með fræðslu um Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn. Seinni fundurinn var 6. maí sem var starfsmannafundur og undirbúningur fyrir vorhátíðina þar sem 60 ára afmæli Kópasteins var fagnað.

## Endur- og símenntun

Endur- og símenntun var því miður ekki mikið nýtt þetta skólaár og er það leitt.

- 2 starfsmenn voru í íslenskuþorpinu sem nær yfir allt skólaárið.
- Nýr sérkennslustjóri fór á AEPS og ýmis önnur námskeið tengd sérkennslu.
- Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri sóttu námskeið á vegum Þekkingarmiðlunar um stjórnendaþjálfun.
- 3 deildarstjórar sóttu námskeið á vegum Þekkingarmiðlunar um hlutverk deildarstjóra/millistjórnenda.
- Deildarstjóri á yngstu deild sótti TRAS.

## Fundir

- Daglegir samráðsfundir. Dagurinn skipulagður og verkefnum dreift. Skráning í deildarbækur.
- Deildarstjórafundir einu sinni í viku, á þriðjudögum í klst., stjórnendur og deildarstjórar. Matráður situr fundi einu sinni í mánuði og deildarstjóri í tónlist einu sinni í mánuði. Leikskólastjóri skráir fundargerð.
- Deildarfundir eru á þriðjudögum kl. 8:45 – 10:15, hver deild fundar einu sinni í mánuði. Deildir í Litla – Steini funda saman.
- Stjórnendur sitja fundi eftir þörfum samkvæmt fundarboðum frá Menntasviði.
- Trúnaðarmenn sækja fundi hjá stéttarfélögum.
- Leikskólastjóri sótti aðalfund foreldrafélagsins.
- Deildarstjóri á Hulduholti situr/sækir fundi foreldrafélagsins.
- Sérkennslustjóri situr fundi eftir þörfum er tengist sérkennslu.
- Leikskólastjóri situr fundi með leikskólastjórum 1 sinni í mánuði, aðstoðarleikskólastjórar eru boðaðir eftir þörfum.

## Samstarf

Stjórnendur eiga helst samstarf við Menntasvið Kópavogs, launadeild, tæknideildina, tölvudeildina og hina ýmsu birgja. Sérfræðinga sem koma að sérkennslu.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

## Þátttaka í rannsóknum

Þetta árið tókum við þátt í LANIS sem er rannsókn í tengslum við málþroska barna. Starfsfólk og foreldrar svöruðu listum.

## Nemar

Engir nemar eru við skólann þetta árið. Samt sem áður er einn starfsmaður í M.Ed. námi í leikskólakennarafræðum og fleiri í starfsmenn við ýmist nám við HÍ.

## Viðhald

Skipt var um alla glugga í sumarlokun 2023 og var aðkoma að húsinu hrikaleg þar sem múrarar voru enn við störf. Verkefnið gekk ekki sem skyldi og var verið að vinna fram undir október til að klára verkið. Húsið hefur ekki enn verið málað eftir þessi gluggaskipti sem er frekar dapurt. Allt þetta rask hafði töluverð áhrif á byrjun skólaársins. Skipta þurfti um dúk á einni deild í framhaldinu vegna slæms frágangs og umgengni vegna gluggaskipta. Vetrarleyfið í október var nýtt til þess. Í Litla - Steini var eldhúsið gert upp og annað baðherbergið var endurskipulagt í samráði við leikskólastjóra. Epoxy var sett á gólf í fataherbergi og votrými á baðherbergi. Skipt var um ofn í eldhúsi þar sem aukning er á börnum og starfsfólki, einnig kom ný uppþvottavél þegar sú eldri gaf upp öndina.

## Öryggismál

Í barnahópnum var ekki mikið um óhöpp þetta árið alls voru skráð fjögur óhöpp hjá börnum, 2 óhöpp í útiveru og 2 óhöpp innandyra.

Starfsmaður var fyrir óhappi sem leiddi til fjarveru frá vinnu í 30 daga. Farið var yfir málið og nýtt verklag tekið upp.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

## *Efnisyfirlit – Umbótaáætlun næsta skólaárs*


Skólastarfið ..... 20

Barnasáttmáli ..... 20

Heimsmarkmið ..... 20

Námssvið sem var metið, umbætur ..... 20

Matslistar – umbótaáætlun ..... 20

Börn ..... 20

Sérkennsla ..... 20

Foreldrakönnun ..... **Error! Bookmark not defined.**

Samsetning starfsmannahópsins ..... 20

Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl ..... **Error! Bookmark not defined.**

Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári ..... 21

Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá ..... 21

Endur- og símenntunaráætlun ..... 21

Fundir ..... 21

Rannsóknir ..... 21

Samstarf ..... 21

Nemar ..... 22

Viðhald ..... 22

Öryggismál ..... 22

Lokaorð ..... 23


Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

# Umbótaáætlun næsta skólaárs

## Skólastarfið

Skólaárið 2024 – 2025 verður vonandi ánægjulegt og lærdómsríkt fyrri börn, starfsmenn og foreldra. Starfsfólks Kópasteins mun eins og alltaf veita börnum öryggi og vellíðan á hverjum degi. Haldið verður áfram með að þróa daglegt starf í Litla – Steini, endurskoðun á skólanámskrá og þátttaka í verkefninu réttindaskólar UNICEF. Þetta eru verkefni sem stefnt er að vinna að.

## Barnasáttmáli

Kópasteinn stefnir á að verða réttindaskóli UNICEF. Leikskóla- og sérkennslustjóri hafa tekið að sér að vera ábyrgðaraðilar í verkefninu og 2 kennarar og 1 kennaranemi hafa tekið að sér að vera umsjónarmenn. Allt starfsfólk hefur fengið kynningu á verkefninu en ábyrgðaraðilar og umsjónarmenn hafa setið eina vinnustofu. Deildir eru strax byrjaðar að tileinka sér hugmyndir Barnasáttmálans. Mikið af starfi skólans tengist Barnasáttmálanum.

## Heimsmarkmið

Starfsmenn hafa áhuga á að útfæra þau betur í daglegu starfi, eins og að hlúa að Holtinu og nánasta umhverfi skólans, stytta vinnuviku starfsmanna og barna, fara vel með matvæli, minnka sóun.

## Námssvið sem var metið, umbætur

Ekki var unnið við að meta námssvið. Þetta skólaár er stefnt að endurmeta sjálfbærni og vísindi.

## Matslistar – umbótaáætlun

Starfsmannakönnun vorið 2024. Niðurstöður voru frekar jákvæðar er varðar starfið og líðan. Aukin áhersla verður lögð á að starfsmenni sæki sér námskeið og fræðslu komandi skólaár.
Starfsmannasamtöl á vorönn 2024, leikskólastjóri tók öll starfmannasamtöl þetta árið. Niðurstöður þeirra voru í samræmi við starfsmannakönnun.

## Börn

Fjöldi barna á deildum verður með sama móti fyrir utan að á Steinholti verða 23 í stað 22 og á Dvergholti 20 í stað 21. Það eru 28 börn með 6 klst. dvalartíma sem dreifist mismundandi milli daga og 17 með 8 klst. dvalartíma 22 börn eru með lengri dvalartíma en 8 klst.
Í skólanum eru 49 drengir og 48 stúlkur. Dvalartímar í heild eru 536 dag hvern
Stefnt að því að það sé ekki mikill kynjahalli í hópum ef hægt er.

## Sérkennsla

Mikilvægt er að halda vel utan um sérkennslu og væntingar foreldra til leikskóla. Starfsmenn sem sinna sérkennslu upplifa oft mikið álag, það þarf að halda utan um þá og styðja í sínu starfi. Óbein aðkoma sérkennslu að barnahópnum er mismikil milli ára, en fjölmenning hefur aukist í skólanum og því þörf á slíkum stuðningi við allar deildir. Stefnt að því að auka slíka aðkomu m.a. í málörvun og félagsfærni.

## Samsetning starfsmannahópsins

Unnið verður að því að þétta starfsmannahópinn, það hefur reynst erfitt að fullmanna eftir skólinn stækkaði um tvær deildir. Nýr sérkennslustjóri hóf störf í septemberbyrjun. Í skólanum starfa 9 leikskólakennarar með stjórnendum, einn leikskólakennari er í veikindaleyfi. Einn tónlistarkennari, 7



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

með aðra háskólamenntun þar af 2 sálfræðimenntaðir. Þá er einn starfsmaður við nám í M.E.d í leikskólakennarafræðum. Matráður er matartæknir.

## Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári

- Réttindaskóli UNICEF verður unnið.
- Skólanámskrá verður endurskoðuð.

## Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá

Leikskóladagatal er birt á heimasíðu leikskólans

- 9. sept: Starfsmannafundur, deildarfundir og undirbúningur fyrir vetrarstarfið. Ingunn Mjöll Birgisdóttir og Auður Þórhallsdóttir komu með kynningu á Velferð á vinnustað.
- 13. nóv: Starfsmannafundur, Kriselle Suson Jónsdóttir og Emilía Rafnsdóttir frá Miðju máls og læsis fluttu fyrirlestur og fræðslu um málstefnu. Deildarfundir eftir hádegi.
- 2. jan: Verður unnið að endurskoðun á skólanámskrá Kópasteins. Undirbúningur vegna foreldraviðtala.
- 12. mars: Fyrirhugað að hafa slysavarnanámskeið, vinna vegna réttindaskóaverkefnis og deildarfundir.
- 16. maí: Starfsmannafundur og deildarfundir. Endurmat og undirbúningur fyrir sumarið.

## Endur- og símenntunaráætlun

- Stefnt að því að deildarstjórar skrái sig allir á eitt námskeið
- Komið að því að fá inn fræðslu um slysavarnir.
- Stefnt að því að starfsfólk velji sér námskeið sem Kraginn býður uppá.
- Sérkennslustjóri fer á námskeið sem þörf er á.

## Fundir

Fastir fundir eru

- Deildarfundir alla þriðjudaga kl. 9:45 – 10:15, hver deild á fund einu sinni í mánuði. Allt starfólk viðkomandi deildar situr fundinn
- Deildastjórafundir alla þriðjudaga kl. 12:30 – 13:30. Deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðar- og leikskólastjóri sitja fundinn.
- Fundartími er kl: 9:12 – 10:15 á föstudögum, þessi fundartími er notaður af sérkennslu og öðrum teymum sem starfa innan skólans.
- Stjórnendafundir eru tvisvar yfir skólaárið. Deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðar- og leikskólastjóri sitja fundinn.
- Fagfundir eru tvisvar yfir skólaárið. Allir stjórnendur og starfsfólk sem er með háskólanám tengt uppeldi og menntun sitja fundinn.

## Rannsóknir

Við höfum ekki skráð okkur til þátttöku í neinni rannsókn

## Samstarf

Leikskólinn á í samstarfi við fjölmarga aðila sem tengjast starfinu beint og óbeint.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

## Nemar

Ekki stendur til að taka á móti nemum þetta skólaárið en þeir eru velkomnir til okkar sem hafa áhuga.

## Viðhald

Þörf er á að endurnýja alla glugga í Litla – Steini sem eru illa farnir og ekkert er hægt að gera í til viðgerðar. Nauðsynlegt er að mála húsið að utan sem hefur verið í bið eftir að skipt var um glugga sumarið 2023. Einnig er komið að viðhaldi utandyra, tröppur, rennur lélegar, þakið lélegt o.fl. Þörf fyrir umbætur/endurbætur á elsta leikskóla bæjarins er alltaf til staðar. Grindverk út við Hábraut er lélegt og steinhleðsla þar er ónýt.
Þá er komið að endurnýjun á leiktækjum og/eða viðhaldi. Yfirferð á garðinum/leiktækjum í Litla -Steini var frestað sumarið 2023 er það von okkar að sú framkvæmd verði sumarið 2025. Gólfefni í kjallara er ónýtt í gangi, á kaffistofu og í undirbúningsherbergi.

## Öryggismál

Í gegnum fjölda ára hefur verið reynt að halda í við vaxandi þörf fyrir viðhald til að koma í veg fyrir slys eins og hægt er. Öryggismál snerta alla starfsmenn.
Foreldrar eru upplýstir ef um óhapp/slys sem verður á skólatíma og fært inn rafrænt í Atvik sem er forrit sem heldur utan um slík mál hjá Kópavogsbæ.

**Samvinna í leik og starfi er lykill að góðum leikskóladegi, þá gengur allt svo mikið betur**





» Gullkorn «

**Barnið við matarborðið „ Átt þú enga vinnu? ( Spyr starfsmann)**

**Starfsmaður svarar: „ Hvað heldur þú?“ (Umræður skapast við borðið í barnahópnum)**

**Að lokum segir barnið:„ Mamma mín á venjulega vinnu“.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

## Lokaorð

Það hefur dregist að skrifa þessa starfsáætlun fyrir veturinn 2024-2025. Fyrir því liggja ýmsar ástæður. Mikil vinna hefur verið við að auka við og stækka skólann og við erum enn að balsa við að ná réttum fjölda starfsfólks í húsið. Aukning á nemendum með sérþarfir og ólíkan bakgrunn hefur verið áskorun sem tekur tíma að vinna með.

Sterkur og stöðugur kjarni af kennurum og starfsfólki verður með okkur þetta skólaárið sem mun takast á við áskoranir sem mæta okkur.

Fyrir hönd kennara og starfsfólks Kópasteins

Margrét Lárusdóttir leikskólastjóri Kópasteins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026